


Aðalfundur 2019

~ Haldinn þann 22. janúar ~



Dagskrá aðalfundar

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
 - Gjaldkeri og vallarstjóri
- **Tillögur og lagabreytingar**
 - Ein tillaga að lagabreytingum liggur fyrir fundinum
- **Önnur mál**

Skýrsla stjórnar

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í Hreiðrinu þann 13.febrúar og var rétt tæplega helmingur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2017 var jákvæður um 33.259 kr.

Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Magnús Kristinsson gaf kost á sér til áframhaldandi formannssetu, sama gerðu meðstjórnendur, Ágúst H. Borgþórsson og Steinþór Agnarsson, engin mótframboð bárust. Engar lagabreytingar lágu fyrir en undir önnur mál var rætt frekar um fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu og inniflugsmál. Eftir að hafa gætt sér á veitingum var 2017 vídeóánnáll FMS frumsýndur og skemmtu viðstaddir sér yfir honum næstu klukkutímana!

Stjórn FMS samþykkti að taka til reynslu við áhugasömum bíladellukörnum og fengu þeir aðstöðu fyrir innan núverandi pittsvæði félagsins. Mikil uppbygging hefur átt sér stað þar drifin áfram af miklum dugnaði forsvarsmanna bílahópsins.

Árið var gott fyrir Flugmóðelfélagið, félagafjöldi stökk upp á við, 5 flugmenn bættust í hópinn og 8 í bíladeildina, en það fækkaði örlítið í Innherjum. Það rættist úr sumrinu eftir rólega byrjun og nýttu félagsmenn það vel til flugs en um 42% nýting var á vellinum á árinu ef eingöngu er horft til flugsins, talsvert meiri þegar horft er til bíladeildarinnar. Félagsmenn voru einnig duglegir við framkvæmdir og var salernisaðstaðan tekin myndarlega í gegn.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var í Eyjafjarðar-sveit, Tungubökkum eða Hamranesi. Einnig hélt Sverrir í viking til Þýskalands þar sem tekið var þátt í heimsmeistaramótinu í F3F hraðflugi móðelsvifflugna ásamt tveim öðrum.

Haldin var sýning á flugmóðelum og inniflugi í Reykjaneshöllinni í tilefni af Ljósanótt. Stöðugur straumur gesta var þann tíma sem sýningin stóð yfir og skemmtu allir sér vel.

Innherjar hófu svo aftur að flögra í Reykjaneshöllinni í byrjun október og munu halda uppteknum hætti út apríl 2019. Að þessu sinni ákvað stjórn FMS að gefa öllum sem áhuga höfðu tækifæri til að fljúga frítt til áramóta og var því vel tekið.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsgöðu viðhaldið og flogið á aðfangadag og gamlársgang.

Sérstakar þakkir fá hinir fjölmörgu stuðningsaðilar FMS fyrir veitta aðstoð á árinu, hvort heldur sem er í tækjum, efni eða peningum.

- Ellert Skúlasson
- Gröfuþjónustan
- K. Steinarsson (KIA umboðið)
- Húsabygging
- Húsasmiðjan
- Olís
- Rekan

Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2018**

	Inn	Út
Félagsgjöld	502.000 kr.	
Sparireikningur	131.588 kr.	
Styrkir	50.000 kr.	
Innherjar	22.500 kr.	
Vextir	72 kr.	
WC endurbætur		318.140 kr.
Vallarviðhald		227.920 kr.
Tækjakaup		154.895 kr.
Bensín, gas, olía		71.076 kr.
Veitingar		68.357 kr.
Tryggingar		34.647 kr.
Vefmyndavél		20.651 kr.
Auglýsingar		15.000 kr.
Bankakostnaður		7.247 kr.
Fjármagnstekjuskattur		16 kr.
Samtals á árinu	<u>706.160 kr.</u>	<u>917.949 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	212.882 kr.	
Samtals	<u>919.042 kr.</u>	<u>917.949 kr.</u>
Samtals eign í árslok	<u>1.093 kr.</u>	
Velta á árinu	1.836.991 kr.	
Rekstrarniðurstaða	805.076 kr.	

Eignir	Verð
Sparireikningur	803.983
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Tæki	125.000
Áburðardreifari á sláttuvél	60.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
Samtals	2.158.983

Flugbrautir og vallarsvæði	33.625.000
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

Samtals eignir	35.783.983
-----------------------	-------------------

Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 805.076 kr en 803.983 kr af því er vegna inneignar á sparireikningi, að auki voru styrkir 50.000 kr og félagið nýtti 131.588 kr af sparireikningi í daglegan rekstur. Daglegur rekstur var því neikvæður um 180.495 kr en vel var tekið til hendinni í framkvæmdum á Arnarvelli, klósettmálin tekin í gegn ásamt viðhaldi á tækjum. Að teknu tilliti til framkvæmda og styrkja þá var reksturinn neikvæður um 130.495kr

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Á árinu er fyrirhugaðar framkvæmdir í kringum brautarmótin. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu ekki undir rekstrinum og hafa verið aðeins frá því á síðustu árum. Það er eingöngu vegna mikillar elju félagsmanna við öflun styrkja að reksturinn hefur verið réttu megin við núllið á síðustu árum. Stjórn félagsins leggur því til að félagsgjöldin hækki og verði 6.500 fyrir yngri en 18 ára og 13.000 fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað (200 kr), hafi samband við gjaldkera fyrir 1.febrúar nk.

Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri

Kosning stjórnar

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa gjaldkera og vallarstjóra.

Tillögur og lagabreytingar

Ein tillaga að lagabreytingu liggur fyrir fundinum.

Núverandi - 9. grein - Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum.

Formaður, gjaldkeri/ritari, vallarstjóri og tveir meðstjórnendur.

Skulu þeir allir sitja stjórnarfundum félagsins.

Aðalfundur kýs formann og tvo meðstjórnendur þau ár sem enda á jafnri tölu, en gjaldkera og vallarstjóra þau ár sem enda á oddatölu. Gjaldkeri skal gegna störfum formanns í forföllum hans.

Breyting - 9. grein - Stjórn

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum.

Formaður, gjaldkeri/ritari, vallarstjóri og tveir meðstjórnendur.

Skulu þeir allir sitja stjórnarfundum félagsins.

*Aðalfundur kýs formann og **einn meðstjórnanda** þau ár sem enda á jafnri tölu, en gjaldkera, vallarstjóra **og einn meðstjórnanda** þau ár sem enda á oddatölu. Gjaldkeri skal gegna störfum formanns í forföllum hans.*

Önnur mál

- Orðið er frjálst.

Minnisblað